

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

104. fundur landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 13. apríl 2011 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Skipting fjárveitingar til viðhalds heiðargirðinga.
2. Vinnuferli v/ lausagöngu og vörslu graðpenings.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Landbúnaðarráð leggur til að kr. 1.600.000- sem eru til ráðstöfunar á árinu 2011 til viðhalds og endurnýjunar heiðagirðinga verði skipt með eftirfarandi hætti:

Í Hrutafirði kr. 400.000-

Í Miðfirði kr. 585.000-

Í Víðidal kr. 615.000-

Lagt er til að kauptaxtar fyrir girðingarvinnu verði samræmdir. Landbúnaðarráð fer fram á að formenn fjallskiladeilda taki saman ítarlegt yfirlit um ástand heiðagirðinga þegar viðhaldi sumarsins 2011 er lokið. Yfirlitið verði sent landbúnaðarráði í október nk. Formenn fjallskiladeilda gæti þess að kostnaði viðhaldsframkvæmda sé haldið innan fjárheimilda.

2. Farið yfir drög að vinnuferli fyrir eftirlitsmann með lausagöngu búfjár vegna lausagöngu og vörslu graðpenings. Landbúnaðarráð samþykkir framlögð gögn og felur sveitarstjóra að kynna þau fyrir eftirlitsmanni.

3. Sveitarstjóri kynnti umsókn sem hann hefur sent Vegagerðinni v/ viðhalds styrkvega á árinu 2011.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:15

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir (sign)

Sigtryggur Sigurvaldason (sign)

Þórarinn Óli Rafnsson (sign)

Þóra Kristín Loftsdóttir (sign)

Agnar Jónsson (sign)

Skúli Þórðarson (sign)